

Opið hús 10. október

að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði (iðnaðarbil beint fyrir aftan Fjarðarkaup) kl. 10 til 12

Opið hús laugardaginn verður með meginþemað “Askur”. Fjallað verður um aska í máli og myndum og einnig verður myndir og teikningar sem félagar geta fengið á opna húsinu. Félagsmenn eru kvattir til að fjölmenna og ef þeir búa svo vel að eiga aska er þeir eindregið hvattir til að koma með þá svo aðrir geti skoðað þá.



Askur eftir Örn Sigurðsson

Margir félagsmenn hafa gefið upp netföng og GSM símanúmer og þannig er hægt að koma skilaboðum á framfæri. Ef þú færð ekki tölvupóst eða SMS skilaboð frá félaginu sendu okkur þá boð um að komast á listann.

silo@mmedia.is 8995716



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Pósthólf nr. 6 270 Mosfellsbæ
Netfang: silo@mmedia.is
Heimasíða: <http://www.listalind.is/treskurdur>
Ritstjórn er stjórn félagsins
Ábm. Björn Bergsson

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
6. tbl. 14. árgangur 2009

Frá formanni



Nú er vetrarstarfið komið á fullt skrið, fyrsta opna húsið að baki og það næsta verður núna á laugardaginn, 10. október. Nú ætlum við að skoða askinn. Askur flokkast undir stafaflát sem venjulega var ekki skorið í en undantekningin er að lokið er skorið. Nú í seinni tíð þegar askar eru gerðir er gjarnan skorið í hliðar hans. Félagsmenn eru kvattir til að koma með ask – ef þeir eiga – en endilega að koma og taka með sér gesti. Ábendingar um efni á opnu húsi eru alltaf vel þagnar.

Næsti fundur verður svo aðalfundur.. Þar verður síðasta starfsár skoðað og línur lagðar fyrir það næsta. Alltaf er þörf á fleiri höndum til að aðstoða við þætti í starfsemi félagsins og eru félagar hvattir til að bjóða sig fram.

Brýnið er núna að koma í 6. skiptið á starfsárinu sem er fjölgun frá fyrri árum. Brýnið er tengiliður félagsins við félagsmenn. Svo að vel takist til þarf að fá efni frá starfsemi félagsmanna. Myndir og texti eru því vel þagnir.

Nóg að sinni, sjáumst á laugardaginn.
Með bestu kveðjum, Sigurjón



Hans Wissellink

Formaður skoðaði sýningu rétt utan við Utrecht í Hollandi sl. haust. Hér eru tvær myndir af þrívíðum skurðverkum.





Mynd af skurðverki úr bókinni “The book of woodcarving. Technique, Designs and Projects” eftir Charles M. Sayers. Takið eftir að aðeins hluti af verkinu er skorið. Vel er því hægt að sjá einstaka þætti við skurðinn

Opið hús 12. september

Nokkrir félagar og gestir á opna húsinu í september.



Æfing eða eitthvað fyrir Nonna frænda

Þegar tréskeri er að feta sín fyrstu spor í tréskurði koma upp spurningar um úrlausnir og útfærslu á því sem skorið er. Hvernig liggur í viðnum, á að skera djúpt og lyfta skurðverkinu, jafnvel grafa undan. Hvað gerist ef ég prófa að grafa hér.

Álíka spurningar vakna og sífelldur ótti við að skurðverkið sem á að gefa Nonna frænda verði ekki sem skyldi. Stutt í afmælið eða jólin.

Hafðu í huga að æfing skapar meistarann og því gott að æfa sig og þá æskilegast að það sé gert án þess að vera í einhverri spennu um að skemma eða að ljúka verki fyrir ákveðinn tíma. Taktu þér því góðan tíma og prófaðu þig áfram og best er að ganga í gegnum þennan reynslutíma undir leiðsögn þeirra sem lengra eru komnir. Nonni frændi hefur alveg biðlund og þú gefur honum eitthvað sem þú hefur þegar gert og nýtur þess að vinna að því sem eflir þig sem tréskera þó það verði ekki að einhverju gjafavænu.



Aðalfundur FÁT

Aðalfundur verður haldinn 14. Nóvember 2009, þ.e. laugardagur og hefst kl. 10

Fundurinn verður haldinn í Mosfellsbæ og verður staðsetningin auglýst þegar nær dregur.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Félagar í Félagi áhugamanna um tréskurð eru hvattir til að mæta.



12. desember Opið hús með jól sem meginþema. Hugmyndin er að félagar geri jólatengt skurðverk. Efni verður til staðar en æskilegt að félagar (gestir) komi með tálguhnífa.

Skurðverk fyrir börn

Ekki má gleyma gerð leikfanga fyrir börn. Dýr, jafnvel torkennileg dýr sem skorin eru gróft og hugarflug barnsins virkjað. Hér er það bangsi, ísbjörn eða jafnvel mús og hundur, refur, úlfur eða .. Þeir sem þekkja til vita að börn kunna að meta þessi leikföng. (Myndirnar eru teknar af geisladiski er tengist sýningu í Hollandi haustið 2008)